

Námsáætlun fyrir íslensku - 7. bekkur
Skólaárið 2018 – 2019



Kennari: Magnús H. Guðmundsson

Tímafjöldi: 6 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<p>Talað mál, hlustun og áhorf</p>	<ul style="list-style-type: none"> -Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar. -Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda, m.a með aðstoð leikrænnar tjáningar. -Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum. -Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum. -Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt. -Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi. 	<p>Nemendur eru þjálfaðir í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum. Nemendum er gefið tækifæri á að segja frá eigin reynslu og hugmyndum, taka þátt í umræðum um bókmenntir og kynna verkefni sín. Nemendur fá þjálfun í hlustun. Nemendur lesa reglulega upphátt fyrir kennara.</p>	<p>Stóra upplestrarkeppnin. Þátttaka í umræðum og tímavinnu.</p>
<p>Lestur og bókmenntir</p>	<ul style="list-style-type: none"> -Lesið texta við hæfi með góðum skilningi, lagt mat á hann og túlkað. -Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lesur og skilning á texta. -Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta. -Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur áhrif á hann. 	<p>Kjalnesingasaga verður lesin ásamt öðrum fjölbreyttum textum og ljóðum. Unnið verður með bragfræðihugtök. Lesskilningur og leshraði eflur með markvissum æfingum.</p>	<p>Verkefni og kannanir úr Kjalnesingasögu og öðrum textum sem lesnir eru. Lestrardagbók. Lesskilningskannanir. Lesfimiþróf.</p>

	<p>-Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum og unglíngum.</p> <p>-Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusvið og boðskap. --Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.</p> <p>-Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi trúverðugleika upplýsinga.</p> <p>-Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær.</p> <p>-Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.</p>		
<p>Ritun</p>	<p>-Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.</p> <p>-Valið textategund, skipulagt og orðað texta svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli á þann hátt sem hæfir tilefni.</p> <p>-Samið texta þar sem beitt er sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.</p> <p>-Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.</p>	<p>Stafsetningarreglur rifjaðar upp og unnið með þær.</p> <p>Ritunaræfingar af ýmsum toga.</p>	<p>Ritunarverkefni.</p> <p>Stafsetningarkannanir.</p> <p>Skriftarkannanir.</p>

	<p>-Lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun.</p> <p>-Skrifað texta á tölvu, beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu og vísað til heimilda.</p>		
Málfræði	<p>-Gert sér nokkara grein fyrir eigin máli og hafa skilning á gildi þess að bæta það.</p> <p>-Notað allríkulegan orðaforða í Ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun.</p> <p>-Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.</p> <p>-Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.</p> <p>-Notað orðtök og málshætti í töluðu og rituðu máli og greint notagildi þeirra í texta.</p> <p>-Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.</p> <p>-Beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað.</p> <p>-Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta.</p> <p>-Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði m.a. við ritun og stafsetningu.</p>	<p>Einkenni og hlutverk orðflokka skoðuð. Unnið með orðtök og málshætti.</p>	<p>Verkefni og málfræðikannanir.</p>
<p>Námsgögn: Kjalnesingasaga, Vandamálið – Minnsta málið, Málið í mark - Fallorð, Málrækt 3, Málvísir (Málfinnur), kjörbækur, orðabækur og handbækur.</p>			

Lokanámsmat:

Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.